



Stjórn Reykjaneshafnar

Fundargerð

230. fundur Stjórnar Reykjaneshafnar haldinn fimmtudaginn 20. júní 2019 kl. 17:15 á skrifstofu Reykjaneshafnar að Víkurbraut 11, 230 Reykjanesbæ.

Mættir: Hjörtur Magnús Guðbjartsson formaður, Kolbrún Jóna Pétursdóttir aðalmaður, Sigurður Guðjónsson aðalmaður, Úlfar Guðmundsson aðalmaður, Bjarki Már Viðarsson varamaður og Halldór Karl Hermannsson hafnarstjóri.

DAGSKRÁ

- 1. Fjármál Reykjaneshafnar. (2019051175)**
Hafnarstjóri fór yfir rekstur Reykjaneshafnar fyrstu fjóra mánuði ársins.
- 2. Starfsmannamál. (2019060286)**
Hafnarstjóri fór yfir stöðuna í starfsmannahaldi og vinnufyrirkomulagi hafnarinnar sem er í grunnin frá 1997. Lagt er til að hafnarstjóri kynni hugmyndir um breytingu á stöðugildum og vinnufyrirkomulagi hjá Reykjaneshöfn á næsta formlega fundi stjórnar í ágúst n.k. **Samþykkt samhljóða.**
- 3. Siglingaráð. (2019060287)**
Fundargerðir Siglingaráðs nr. 10, 11, 12, 13 og 14. **Lagðar fram til kynningar.**
- 4. Hafnarsamband Íslands. (2019051158)**
Fundargerðir 412. og 413. funda stjórnar Hafnarsambands Íslands. **Lagðar fram til kynningar.**
- 5. Kristiansand – heimsókn 26.-30. maí 2019. (2019050829)**
Skýrsla um heimsókn sjö lykilstarfsmanna Reykjanesbæjar til Kristiansand í Noregi dagana 26.-30. maí s.l. **Lögð fram til kynningar.**
- 6. Skemmtiferðarskip. (2019060288)**
Hafnarstjóri fór yfir þá vinnu sem unnin hefur verið í tengslum við markaðssetningu á höfninni gagnvart smærri skemmtiferðaskipum ásamt næstu skrefum í þeirri vinnu.
- 7. Samgönguáætlun 2020-2024. (2019051353)**
Bréf dags. 06.05.2019 frá Vegagerðinni þar sem fram kom að tillögur um ríkisstuðning til verkefna á samgönguáætlun þurfi að berst Vegagerðinni fyrir 31. maí 2019. Hafnarstjóri fór yfir innsendar tillögur Reykjaneshafnar.
- 8. Samtök atvinnurekenda á Suðurnesjum (SAR). (2019060289)**
Fundargerð SAR frá 24.04.2019 og Framvinduskýrsla frá apríl 2019. **Lagt fram til kynningar.**
- 9. Motus. (2019060290)**
Yfirlit dags. 15.05.2019 um stöðu og þróun innheimtukrafna Reykjaneshafnar sem eru í innheimtu hjá Motus. **Lagt fram til kynningar.**

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "KJP", "SG", "U.G.", and "HKO".

10. Aðgerðaráætlun um orkuskipti í íslenskum höfnum. (2019060291)

Skýrslan Aðgerðaráætlun um orkuskipti í íslenskum höfnum – með áherslu á raftengingu til skipa í höfnum. Lögð fram til kynningar.

11. Hundagerði. (2019060292)

Tölvupóstur dags. 13.06.2019 frá umhverfissviði Reykjaneshafnar þar sem kynntar eru hugmyndir að tilraunaverkefni um hundagerði innan skilgreinds hafnarsvæðis smábátahafnarinnar í Gróf. Óskað er eftir heimili Reykjaneshafnar fyrir þessari tilraun. Lagt er til að Reykjaneshöfn samþykki fyrir sitt leiti viðkomandi tilraunarverkefni. **Samþykkt með fjórum atkvæðum, Sigurður Guðjónson greiddi atkvæði á móti.** Sigurður Guðjónsson lagði fram eftirfarandi bókun: *Ég get ekki greitt þessari staðsetningu atkvæði mitt því ég tel að aðrar staðsetningar væru heillavænlegri.*

12. Sindraport hf. (2019060293)

Bréf dags. 06.06.2019 frá Sindraport hf. þar sem er óskað eftir aðstöðu á skilgreindu svæði innan landsvæðis Reykjaneshafnar í Helguvík. Fram kom hjá hafnarstjóra að viðkomandi svæði væri þegar ráðstafað. Lagt er til að fresta afgreiðslu málsins og hafnarstjóri fari yfir málið með fulltrúum Sindraports hf. **Samþykkt samhljóða.**

13. Samband íslenskra sveitarfélaga. (2019060294)

Bréf dags. 17.04.2019 frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem fram kemur að lög nr. 120/2016 um opinber innkaup taki að fullu gildi þann 31. maí 2019. **Lagt fram til kynningar.**

14. Upplýsingagjöf hafnarstjóra. (2019051182)

Hafnarstjóri fór yfir stöðu ýmissa mála er varðar starfsemi hafnarinnar.

15. Önnur mál. (2019051178)

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:25.

Höfn M. M.
Korinnur Jóns Þórus
Ulfur Guðmundsson
Sigurður
Pjark M. Vitarsson